

Verktækni

Stéttarfélag verkfræðinga Tæknifræðingafélag Íslands Verkfræðingafélag Íslands

4

Heiðursmerki VFÍ

5

BVFÍ í Hörpunni

6

Rýni 2011

8

Sameining VFÍ og SV

10

Lífeyrismál

12

Keppa á Silverstone

1. tbl. 17. árg. 2011



Frá heimsókn byggingarverkfræðinga í Hörpunna. Ljós. Hörður Bjarnason.

Sameining SV og VFÍ ?

Frá áramótum hefur nefnd á vegum Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) og Stéttarfélags verkfræðinga (SV) kannað möguleika á sameiningu félaganna. Nefndin hefur nú skilað niðurstöðum sínum þar sem er að finna tillögu um sameiningu, stofnsamning, lög og skipurit sameinaðs félags verkfræðinga. Stjórnir félaganna samþykktu niðurstöður nefndarinnar samhljóða. Í miðopnu þessa blaðs eru tillögur nefndarinnar kynntar og næstu skref. Rétt er að minna sérstaklega á að kynningarfundur verður haldinn í Verkfræðingahúsi þann 10. mars kl. 12.

Markmiðið er að sameinað félag þjóni sem best hagsmunum allra verkfræðinga. Í félagunum tveimur eru 2200 félagsmenn, eða um 75% allra verkfræðinga á vinnumarkaði.


Póstatkvæðagreiðsla um sameininguna verður í marsmánuði og verður útkoman kynnt á aðalfundi VFÍ sem haldinn verður 31. mars og aðalfundi SV sem verður 7.

apríl. Til að sameiningin nái fram að ganga þarf samþykki 2/3 hluta félagsmanna í hvoru félagi.

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að kynna sér tillögur nefndarinnar, mynda sér skoðun og taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Upplýsingar eru einnig á vefsíðum félaganna: www.vfi.is og www.sv.is.

Kjörgögn ásamt kynningarbréfi hafa verið send félagsmönnum.






Ávöxtun Frjálsa lífeyrissjóðsins

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Nafnávöxtun 2010

5 ára meðalnafnávöxtun



*Stofnaður 1. janúar 2008.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun á tímabilinu 31. desember 2005 til 31. desember 2010 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á frjalsilif.is

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlaut alþjóðleg verðlaun sem besti lífeyrissjóður á Íslandi árin 2009 og 2010.



FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað sinn og er opinur öllum sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

Sjóðfélagar í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru um 40 þúsund og stærð sjóðsins er um 90 milljarðar króna.

Hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum er mikil áhersla lögð á gagnsæi. Þú getur nálgast ítarlegar upplýsingar um eignir sjóðsins á vefnum frjalsilif.is

Leitaðu til okkar þegar kemur að lífeyrissparnaði.

Hafðu samband við Lífeyrisþjónustu Arion banka Borgartúni 19, í síma 444 7000, sendu tölvupóst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða komdu við í næsta útibúi Arion banka.

 Arion banki

Sameining – kynningarfundur

Samlokufundur þar sem kynntar verða tillögur um sameiningu Stéttarfélags verkfræðinga og Verkfræðingafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 10. mars. Fundurinn verður í Verkfræðingahúsi, Engjateigi 9, og hefst kl. 12. Að venju fá félagsmenn ókeypis samlokur og drykki.

Skilafrestur

Stefnt er að því að næsta tölublað Verktækni komi út í byrjun aprílmánaðar. Þeir sem vilja koma efni í blaðið og/eða skilaboðum til ritstjóra eru beðnir um að senda tölvupóst: sigrun@verktækni.is

Breytt netföng

Félagsmenn eru hvattir til að senda skrifstofunni upplýsingar um breytt netföng. Senda má tölvupóst: skrifstofa@verktækni.is eða hringja í síma: 535 9300.

Munið vefsíðurnar

Vefsíður VFÍ, TFÍ og SV eru uppfærðar reglulega. Þar er að finna upplýsingar um starfsemi félaganna, sjóði og fleira. Þar er meðal annars hægt að skila inn umsóknum um inngöngu í félögin og til sjóða í vörslu þeirra.

www.vfi.is
www.tfi.is
www.sv.is

LEIÐARINN Sameining?

Það markar tímamót að stjórnir Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga hafi samþykkt samhljóða að láta fara fram atkvæðagreiðslu um sameiningu félaganna. Nú er tækifæri fyrir félagsmenn að hafa áhrif á hvernig fagleg- og kjaraleg hagsmunabaráttu verkfræðinga verður skipulögð til framtíðar.

Á árinu 2004 var gerð skoðanaskönnun sem sýndi að mikill meirihluti félagsmanna í SV og VFÍ voru hlynntir því að sameinast í einu félagi. Nú verður þeirri spurningu svarað hvort félagsmenn séu enn sama sinnis. Eins og marga rekur minni til var í upphafi árs 2006 kosið um sameiningu félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Sameiningin var felld í almennri atkvæðagreiðslu. Í öllum félögunum var meirihluti hlynntur sameiningu en til að hún næði fram að ganga þurfti 2/3 atkvæða í hverju félagi. Ekki hefur áður verið kosið um sameiningu SV og VFÍ þó hún hafi vissulega verið rædd í gegnum tíðina.

Í miðopnu þessa blaðs eru kynntar tillögur sameiningarnefndarinnar og sjónarmið formanna félaganna. Þar segir m.a. „Vissulega hefur sameining áður verið til umræðu en við teljum að hún eigi mikinn hljómgrunn í dag. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Má fyrst nefna að vinnumarkaður verkfræðinga er fjölbreyttari en áður og skilin á milli faglegra hagsmuna og kjaralegra óráð. Einnig er það staðreynd að yngri kynslóðir verkfræðinga sjá ekki tilgang eða skynsemi í því að hafa tvö félög og ítrekað koma upp tilfelli þar sem misskilnings gættir um hlutverk og starfsemi hvors félags.“ Í miðopnunni er einnig leitast við að svara nokkrum spurningum sem talið er víst að brenni helst á félagsmönnum. Ítarlegri upplýsingar verða á vefsíðum félaganna, þ.á.m. stofnsamningur, skipurit og drög að lögum nýs félags. Rétt er að minna á að í hádeginu 10. mars verður haldinn kynningarfundur í Verkfræðingahúsi þar félagsmönnum gefst færi á að fá upplýsingar hjá forsvarsmönnum félaganna og spyrja nánar út í forsendur og markmið með sameiningunni.

Sigrún S. Hafstein, ritstjóri.

Aðalfundir

Aðalfundur TFÍ

Aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands verður haldinn 24. mars. Eins og auglýst var í síðasta tölublaði Verktækni og með tölvupósti til félagsmanna áttu tillögur sem þurfa samþykki aðalfundar að berast stjórninni fyrir 15. febrúar.

Aðalfundur KTFÍ

Aðalfundur Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 24. mars.

Aðalfundur STFÍ

Aðalfundur stjórnenda og sjálfstætt starfandi í TFÍ verður haldinn fimmtudaginn 24. mars.

Athugið að í ár verða aðalfundir TFÍ, KTFÍ og STFÍ haldnir sama dag, fimmtudaginn 24. mars. Fundir KTFÍ og STFÍ munu hefjast kl. 17. Að þeim loknum verður gert hlé og bornar fram veitingar. Gert er ráð fyrir að aðalfundur TFÍ hefjist kl. 19.

Aðalfundur VFÍ

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands verður haldinn fimmtudaginn 31. mars. Eins og auglýst var í síðasta tölublaði Verktækni þurftu tillögur félagsmanna og framboð til stjórnarsetu að berast stjórn félagsins fyrir 15. febrúar. Úr stjórn eiga að ganga Jóhanna Harpa Árnadóttir, formaður, Magnús Gíslason, Sveinbjörg Sveinsdóttir og Ragnar K. Pálsson.

Aðalfundur SV

Aðalfundur Stéttarfélags verkfræðinga verður haldinn fimmtudaginn 7. apríl. Tillögur sem á að taka fyrir á fundinum og dagskrá þarf að senda út með fundarboði með viku fyrirvara.

Þrjú sæmd heiðursmerki VFÍ

Á árhátíð Verkfræðingafélags Íslands, sem haldin var 5. febrúar, voru þrjú verkfræðingar sæmdir heiðursmerki félagsins. Þau eru Bernhard Örn Pálsson efnaverkfræðingur, Ingunn Sæmundsdóttir byggingarverkfræðingur og Páll Ólafsson byggingarverkfræðingur.

Það er Merkisnefnd VFÍ sem útnefnir þá einstaklinga sem hljóta heiðursmerki félagsins. Umsögn nefndarinnar er rituð í viðurkenningarskjal sem afhent er með merkinu. Umsagnir nefndarinnar eru hér fyrir neðan.

Bernhard Örn Pálsson lauk BS-prófi í efnaverkfræði frá University of Kansas árið 1979 og doktorsprófi í sömu grein frá University of Wisconsin, Madison, 1984. Hann starfaði sem prófessor við University of Michigan, Ann Arbor, til ársins 1995, er hann tók við stöðu prófessors við lífverkfræðideild University of California, San Diego.

Bernhard var jafnframt ráðinn við Keio University í Tókýó árið 2005 og hann er einnig gestaprófessor við Háskóla Íslands þar sem hann hefur veitt forstöðu Kerfislíffræðisetri háskólans, samstarfsverkefni heilbrigðisvísindasviðs og verkfræði- og náttúruvísindasviðs HÍ. Árið 2008 veitti Evrópska rannsóknarráðið verkefninu stærsta rannsóknarstyrk sem Háskóla Íslands hafði hlotnast, sem jafnframt var mikil viðurkenning á störfum Bernhards. Hann var nýlega valinn til að veita forstöðu nýrri rannsóknarmiðstöð við Danmarks Tekniske Universitet, DTU, þar sem stefnt er að þróun sjálfbærs lífefnaíðnaðar á heimsmælikvarða.

Á ferli sínum hefur Bernhard hlotið fjölmargar viðurkenningar. Þar má nefna Fulbright Fellowship árið 1995, kjör í National Academy of Engineering í Bandaríkjunum árið 2006 og sama ár var hann valinn frumkvöðull í áhrifamestu líftækni síðustu tíu ára af Nature Biotechnology. Þá hlaut hann heiðursdoktorsnafnbót við Chalmers Tekniska Högskóla í Gautaborg árið 2009. Bernhard hefur ritað yfir 300 ritrýndar greinar um rannsóknir sínar og hann hefur yfir 35 skráð einkaleyfi, en auk háskólarannsóknna hefur hann tekið þátt í stofnun ýmissa fyrirtækja á sviði lífverkfræði.

Bernhard er í hópi leiðandi frumkvöðla og fræðimanna í heiminum á nýju og áhugaverðu sviði, þar sem aðferðum verkfræðinnar er beitt á flókin líffræðileg ferli.



F.v. Jóhanna Harpa Árnadóttir, formaður VFÍ, Ingunn Sæmundsdóttir, Páll Ólafsson og Árni B. Björnsson, framkv.stj. VFÍ. Bernhard Örn Pálsson er búsettur erlendis og mun taka á móti viðurkenningunni í apríl.

Ingunn Sæmundsdóttir lauk Dipl. Ing. prófi frá Technische Universität í Berlín árið 1979, á sviði jarðtækni og grundun mannvirkja.

Að loknu námi hóf hún störf við virkjanadeild Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen, þar sem hún starfaði einkum að bergþéttingarverkefnum tengdum virkjunarframkvæmdum, jarðtæknilegri hönnun og jarðvegsrannsóknum. Ingunn starfaði tímabundið hjá Landsvirkjun, þar sem hún hafði umsjón með jarðefnarannsóknnum og var yfirmaður rannsóknarstofu.

Jafnframt verkfræðistörfum hóf Ingunn stundakennslu við Tækniskóla Íslands árið 1983. Hún varð lektor við skólann árið 1987 og starfandi deildarstjóri byggingardeildar frá 2002. Hún varð dósent og varaforsæti háskólaráðs skólans, sem þá var Tækniháskóli Íslands, og við sameiningu við Háskólann í Reykjavík varð Ingunn sviðsstjóri byggingar- og véltæknisviðs HR. Þar var hún leiðandi við uppbyggingu grunnnáms í verkfræði, sem hófst árið 2005, og stjórnaði uppbyggingu meistaranáms í byggingarverkfræði, sem hófst árið 2006. Hún var starfandi deildarforsæti tækni- og verkfræðideildar árið 2007. Frá 2009 hefur hún veitt grunnnámi tækni- og verkfræðideildar forstöðu og er jafnframt staðgengill deildarforsæta, auk þess sem hún er námsbrautarstjóri MSc náms í byggingarverkfræði og framkvæmdastjórnun.

Ingunn hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstöðum í stjórnnum, ráðum og nefndum tengdum fagsviði hennar. Hún sat í stjórn Verkfræðingafélags Íslands 1981–1983 og var þá önnur konan til að taka sæti í stjórn

félagsins. Í tilefni af norrænu tækniári 1988 stóð hún m.a. fyrir fyrstu úttekt á stöðu kvenna í verkfræði á Íslandi. Þá hefur Ingunn starfað í Menntamálanefnd VFÍ um árabíl.

Ingunn er framúrskarandi verkfræðingur og hefur gegnt veigamiklu hlutverki við þróun og mótun tæknináms á Íslandi í nær þrjú áratugi. Jafnframt býr hún að viðtækri reynslu af verkfræðistörfum sem hún hefur miðlað til nemenda sinna, sem leggja henni gott orð sem afburðagóðum kennara.

Páll Ólafsson lauk prófi í byggingarverkfræði frá Technische Universität í Karlsruhe, Þýskalandi, árið 1961. Ennfremur stundaði hann nám við Massachusetts Institute of Technology árið 1983.

Páll starfaði hjá Verklegum framkvæmdum hf. 1961–1965, hjá Verki hf. 1965–1966, var eftirlitsverkfræðingur hjá Harza Engineering Company International við Búrfellsvirkjun, verkfræðingur hjá Elektrowatt Engineering Service í Sviss, m.a. við virkjanarannsóknir í Guatemala og síðan hjá Ístaki m.a. við Vatnsfellsveitu og jarðgangagerð á Grænlandi. Hann var staðarverkfræðingur hjá Landsvirkjun við byggingu Sigölduvirkjunar og síðan Hrauneyjafossvirkjunar. Páll var framkvæmdastjóri byggingadeildar Landsvirkjunar 1985–1995, ráðgjafi fyrir Kampihl A/S við hafnargerð í Tanzaníu 1993, framkvæmdastjóri alþjóðlegs ráðgjafahóps á vegum Harza Engineering Company International við byggingu Tian Huan Ping, 1800 MW dæluvirkjunar

í Austur Kína 1994–1997 og sérfræðingur Landsvirkjunar við virkjunarframkvæmdir 1997 – 2000. Síðan hefur hann verið framkvæmdastjóri eigin fyrirtækis, Profitech ehf., sem m.a. sinnti eftirliti við Kárahnjúkavirkjun 2003–2005. Þar beitti Páll sér fyrir að sett yrði upp ferli um meðferð ágreiningsmála að hætti alþjóðlegu


samtakanna Dispute Resolution Board, en Páll er eini Íslendingurinn sem á aðild að samtökunum.

Eins og starfsferillinn ber með sér hefur Páll starfað að hönnun og byggingu fjölda virkjana, allt frá Búrfellsvirkjun, fyrstu stórvirkjun Íslendinga árið 1966. Hann hefur jafnframt komið að stjórnun verkfræðilegra

stórframkvæmda víða um heim og tekið þátt í alþjóðlegu starfi um stíflugerð. Páll á að baki óvenju fjölbreyttan feril þar sem hann hefur komið að virkjunarframkvæmdum frá öllum hliðum - sem verk-taki, eftirlitsaðili og hönnuður. Í störfum sínum hefur Páll verið afar farsæll og hafa öll þau mannvirki sem hann hefur komið að staðist vel tímans tönn.

BVFÍ í Hörpunni

Byggingarverkfræðingadeild VFÍ (BVFÍ) bauð félagsmönnum upp á vettvangsferð föstudaginn 4. febrúar um framkvæmda-svæði tónlistarhússins við Reykjavíkurbær - Hörpuna. Eftir að Sigurður Ragnarsson hjá ÍAV hafði tekið á móti hópnum hélt Steindór Guðmundsson hjá Verkís erindi um hljóðhönnun hússins. Að erindi loknu var farið í skoðunarferð um framkvæmda-svæðið en Harpa verður formlega opnuð í maí. Voru þátttakendur almennt mjög ánægðir með þessa fræðandi og skemmtilegu heimsókn.



Vinnubúðir ÍAV.




Rúllustiginn kominn upp.



Í aðalsalnum.



Í æfingasalnum.



ER KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?

Þarft þú að láta skoða bílinn þinn? Á meðan skoðunin fer fram getur þú látið fara vel um þig í biðstofunni, fengið þér kaffisopa og gluggað í blöðin eða tímarit.

Við hvetjum þig til að koma tímanlega með bílinn í skoðun


Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 16 ár

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skermuvegi 6
(bleik gata)
Sími 590 6935

Reykjanesbær
Hofsgötu 52
(við Njarðarbraut)
Sími 590 6970



Aðalskoðun

www.adalskodun.is

Opíð kl. 8–17

Rýni 2011

Varsjá – Kraká 22. – 27. ágúst

Allt frá árinu 1998 hefur Tæknifræðingafélag Íslands skipulagt árlegar námsferðir á erlenda grund fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga. Ferðir þessar hafa verið afar vinsælar og stundum komist færri að en viljað. Í ár er ferðinni heitið til Póllands. Flogið verður beint og gist í tvær nætur í Varsjá og þrjár nætur í Kraká. Gert er ráð fyrir allt að 60 þátttakendum í ferðina. Meðal þess sem verður skoðað er nýi þjóðarleikvangurinn í Varsjá, saltnámmurnar við Kraká, framleiðslufyrirtæki, verkfræðistofa og framkvæmdir. Nánari dagskrá verður send út um miðjan mars.



Kostnaður

Áætlað heildarverð er 130 – 140 þúsund miðað við tveggja manna herbergi og um 170 þúsund fyrir eins manns herbergi. Þetta verð miðast við gengi í lok janúar 2011. Innifalið er flug, gisting á fjögurra stjörnu hótelum með morgunverði og skoðunarferðir.


Skráning í ferðina.

Hægt verður að skrá sig í ferðina frá og með 30. mars á skrifstofu félaganna að Engjateigi 9 frá kl. 9-16 í síma 5359300 eða senda tölvupóst á netfangið: skrifstofa@verktækni.is

Berist fleiri en 60 skráningar fyrsta daginn verður forgangsraðað í ferðina að teknu tilliti til þátttöku í fyrri Rýnisferðum. Makar eru velkomnir með í ferðina.

Fararstjórar: Jóhannes Benediktsson, Hreinn Ólafsson og Lech Pajdak.

Greiða skal 15 þúsund króna staðfestingargjald á mann við skráningu inn á bankareikning: 0334-26-51040, kt. 660269-4609.



Bílskúrshurðir fyrir íslenskar aðstæður

Héðins hurðir hafa sýnt sig og sannað í áranna rás. Fyrsta flokks viðhalds- og varahlutapjónusta tryggir langan lífdaga.

≡ HÉÐINN ≡

Gjáhella 4 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100 • hedinn.is



Breyttar reglur hjá sjóðum KTFÍ

Gerðar hafa verið breytingar á reglum Sjúkrasjóðs og Fjölskyldu- og styrktarsjóðs Kjarafélags TFÍ. Breytingarnar fela í sér hækkun styrkja sem sjóðirnar veita.

- Greiðslur í fæðingarorlofi hækka úr 5% af launum í 10% af launum. Tekið skal fram að þessi breyting er afturvirk frá 1. janúar 2010.
- Endurgreiðslur vegna útlagðs kostnaðar sjóðfélaga vegna meðferðar „á líkama á sál“ (3. gr. starfsreglna) hækka úr 100 þúsund krónum á hverjum tveimur árum í 150 þúsund. Vert er að vekja athygli á því að undir þennan lið reiknast líkamsræktarstyrkir en þeir eru **25 þúsund krónur á ári og eru skattfrjálsir**. Annað sem telst til 3. gr. er m.a. sjúkraþjálfun, krabbameins- og hjartaskoðun ásamt fleiru.
- Hámark endurgreiðslu vegna gleraugnakaupa hækka úr 80 þúsund krónum í 120 þúsund. Þá hækka styrkur vegna laseraðgerða á augum úr 200 þúsund krónum í 300 þúsund fyrir aðgerð á báðum augum.
- Ættleiðingar- og tæknifrjövgunarstyrkir hækka úr 200 þúsund krónum í 300 þúsund.
- Styrkir vegna tannlækninga hækka þannig að endurgreidd eru 50% af kostnaði umfram 50 þúsund krónur ef árlegur kostnaður er að lágmarki sú upphæð. Hámarksgreiðsla hækka úr 300 þúsund krónum í 400 þúsund á hverju þriggja ára tímabili.

Allir styrkir að undanskildum líkamsræktarstyrkjum að 25 þúsund krónum eru skattskyldir og af þeim dregin staðgreiðsla við útborgun.

Ný markaðslaunatafla KTFÍ

Gefin hefur verið út markaðslaunatafla Kjarafélags TFÍ en slíkar upplýsingar hafa ekki verið birtar með þeim hætti um nokkurra ára skeið. Markmiðið með útgáfu töflunnar er að upplýsa félagsmenn um þau laun sem tækifræðingum eru almennt greidd. Það er alveg ljóst að víðtæk og góð launakönnun ásamt ítarlegum upplýsingum um hvernig nota má hana í launabaráttu er beitt vopn í höndum launþega og þá sérstaklega þeirra sem semja sjálfir um kaup og kjör á almenna markaðnum.

Markaðslaun teljast allar greiðslur fyrir þann vinnutíma sem almennt telst vera dagvinnutími á hverjum tíma. Til markaðslauna teljast ekki greiðslur fyrir unna yfirvinnu né heldur hvers konar endurgreiðslur á útlögðum kostnaði.

Það eru eindregin tilmæli stjórnar KTFÍ að tæknifræðingar sættist ekki á laun sem eru undir markaðslaunum. Markaðslaunin eru þau laun sem vel flestum tæknifræð-



Endurbætur í Húsafelli

Framkvæmdir ganga vel við orlofshús SV í Húsafelli en unnið er að gagngerum endurbótum á bústaðnum. Hann verður til útleigu eftir nokkurt hlé um páskana.

ingum hefur tekist að semja um við vinnuveitendur.

Markaðslaunataflan er birt á vef TFÍ, tfi.is. Valin eru „Kjaramál“ á stikunni efst og því næst „Markaðslaun“ á stiku sem þá birtist vinstra megin á síðunni.

Samið við FRV

Samningur Stéttarfélags verkfræðinga og Kjarafélags Tæknifræðingafélags Íslands við Félag ráðgjafarverkfræðinga var samþykktur á kynningarfundum sem haldin var fimmtudaginn 3. febrúar. Fulltrúaráð FRV hefur einnig samþykkt samninginn. Meginatriði hans eru að laun hækka frá og með 1. febrúar 2011 um 2,4 % og frá og með 1. júlí 2011 um 2,5 %. Samningurinn er til eins árs eða frá 1. janúar til 31. desember 2011 og má nálgast hann á vefsíðum TFÍ og SV (frétt dags. 28. janúar).

Við minnum á

Sjóðfélagar missa réttindi ef launagreiðandi greiðir ekki iðgjöld í sjóði félaganna og skilar ekki félagsgjaldinu. Það er útbreiddur misskilningur að greiðsla félagsgjalds til viðkomandi félags tryggi sjálfkrafa rétt í hinum ýmsu sjóðum. Svo er ekki. Sjóðsaðild er í öllum tilvikum háð greiðslu iðgjalds til sjóðanna.

Frá Orlofssjóði SV Páskaúthlutun

Hraunborgir, Húsafell, Akureyri

Sjóðfélögum í Orlofssjóði SV gefst nú kostur á að sækja um dvöl í orlofshúsum í Hraunborgum og Húsafelli og í íbúð á Akureyri yfir páskana. Leigutíminn er frá 20. – 27. apríl. Úthlutun verður þannig háttáð að þeir sjóðfélagar sem flest OSV-stig hafa fá vikunum úthlutað. OSV-stig = $(30 + \text{sjóðaldur}) / (1 + \text{fjöldi úthlutana síðustu fimm ár})$. Úthlutun um páska reiknast til stiga eins og sumarúthlutun. Til þess að sækja um er hægt að senda tölvupóst á netfangið: sv@verktaekni.is. Ekki verða send út sérstök umsóknareyðublöð. Einnig er hægt að sækja um á skrifstofu félaganna, síminn er: 535 9300. **Umsóknarfrestur er til 15. mars.**

Íbúð á Akureyri

Orlofssjóður SV býður sjóðfélögum að leigja íbúð á Akureyri. Um er að ræða þriggja herbergja íbúð með eldhúskrók í Tröllagili 29 í Giljahverfi á tímabilinu 18. febrúar fram að sumarúthlutun. Góð viðbrögð voru við auglýsingu sem send var sjóðfélögum í tölvupósti og eru flestar helgar nú þegar bókaðar. Enn er þó eitthvað laust. Upplýsingar eru á vef sv, sv.is einnig má senda fyrirspurnir á sv@verktaekni.is

Sameining VFÍ og SV?

Í marsmánuði munu félagsmenn í Verkfræðingafélagi Íslands og Stéttarfélagi verkfræðinga taka afstöðu til þess hvort sameina eigi félögin. Einhugur er hjá stjórnnum félaganna og nefnd sem vann að sameiningartillögum að hagsmunum verkfræðinga sé best borgið í einu öflugum félagi þar sem unnið er að kjaralegum og faglegum hagsmunum stéttarinnar.

Frá sameiningarnefnd SV og VFÍ

Frá síðustu áramótum hafa undirrituð kannað möguleika á sameiningu Verkfræðingafélags Íslands og Stéttarfélags verkfræðinga. Það er niðurstaða okkar að sameining feli í sér ótvíræða kosti og þjóni best hagsmunum félagsmanna. Nefndin hefur skilað drögum að stofnsamningi og nýjum lögum sameinaðs félags, ásamt skipuriti.

Það er okkar mat að eitt félag verkfræðinga sé betur í stakk búið að sinna kjaralegum og faglegum hagsmunum félagsmanna. Má í því sambandi nefna:

- Í einu félagi eru verkfræðingar sterkari heild út á við.
- Stærri félag er öflugra, rekstur þess hagkvæmari og þjónusta við félagsmenn betri.
- Eitt félag fær aukið vægi gagnvart opinberum aðilum.
- Árangur í kjaramálum er meðal annars samtvinnaður öflugri ímynd og góðri menntun.

Í upphafi árs 2006 fór fram atkvæðagreiðsla um sameiningu félaga verkfræðinga og tæknifræðinga; VFÍ, SV og TFÍ. Tillagan var felld með naumum meirihluta. Í aðdraganda þeirra kosninga kom fram, m.a. í skoðanakönnun sem gerð var 2004, að mikill meirihluta félagsmanna í SV og VFÍ væri hlynntur því að sameinast í einu félagi verkfræðinga.

Með þetta í huga leggjum við til að látið verði reyna á hvort vilji félagsmanna standi til sameiningar. Í okkar huga er sameiningin skynsamleg og mun bæta hag og stöðu verkfræðinga í mörgu tilliti.

Auður Ólafsdóttir.

Kolbrún Reinholds dóttir.

Sveinn I. Ólafsson.

Sveinn V. Árnason.

Frá formönnum

Sem stjórnarmenn, og síðustu árin sem formenn félaga verkfræðinga, hefur skýrt æ betur í okkar huga hve ótvíræðir kostir felast í sameiningu Stéttarfélags verkfræðinga og Verkfræðingafélags Íslands. Vissulega hefur sameining áður verið til umræðu en við teljum að hún eigi mikinn hljómgrunn í dag. Fyrir því eru ýmsar ástæður. Má fyrst nefna að vinnumarkaður verkfræðinga er fjölbreyttari en áður og skilin á milli faglegra hagsmuna og kjaralegra óræð. Einnig er það staðreynd að yngri kynslóðir verkfræðinga sjá ekki tilgang eða skynsemi í því að hafa tvö félög og ítrekað koma upp tilfelli þar sem misskilnings gætir um hlutverk og starfsemi hvors félags.

Þá má ekki líta fram hjá því að í sérhverju hinna Norðurlandanna hafa verkfræðingar, og í sumum tilfellum tæknifræðingar einnig, sameinast í einu félagi. Reynsla starfssystkina okkar á Norðurlöndunum af sameiningu er jákvæð og hefur leitt til öflugra starfs innan félaganna.

Sameiningin er í okkar huga mikilvægur áfangi í öflugri og markvissri hagsmunabaráttu íslenskra verkfræðinga. Við vonum að þeir grípi tækifærið og sameinist í einu sterku félagi.

Að lokum viljum við nota þetta tækifæri og þakka sameiningarnefndinni fyrir metnaðarfullt og afar gott starf.

Jóhanna Harpa Árnadóttir, formaður VFÍ.

Kári Steinar Karlsson, formaður SV.



Verkfræðingafélag Íslands

Markmið félagsins

- Vera öflugur málsvari verkfræðinga.
- Standa vörð um starfsheitið og gæði verkfræðimenntunar.
- Gæta hagsmuna og standa vörð um réttindi félagsmanna.
- Stuðla að bættum kjörum og aukinni starfsánægju félagsmanna.
- Halda uppi öflugum og lifandi fag- og félagsstarfi.

Framtíðarsýn

Íslenskir verkfræðingar búi yfir framúrskarandi verkfræðilegri vísindalegri þekkingu, hafi góða aðlögunarhæfni og því vel samkeppnisfærir á alþjóðamarkaði. Félag þeirra verði framsækið lifandi afl sem nýtur virðingar í samfélaginu og stendur vörð um hagsmuni félagsmanna í hvívetna.

Nafn félagsins

- Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) var stofnað árið 1912 og var SV stofnað sem deild í félaginu árið 1954 en vegna löggjafar, sem nú er aflögð, var það gert að sjálfstæðu félagi. Lagt er til að sameinað félag heiti Verkfræðingafélag Íslands enda er það sterkt vörumerki með traust orðspor.

Hvernig framkvæmt?

- Kynning meðal félagsmanna í Verktækni, á vefsíðum félaganna og á Samlokufundi 10. mars.
- Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna beggja félaga.
- Niðurstaða póstkosningar kynnt á aðalfundum félaganna.
- Verði niðurstaða kosninga sú að félagsmenn samþykkja sameiningu verður stofnfundur haldinn í maí og sameinað félag tekur til starfa 1. júlí 2011.



Stéttarfélag verkfræðinga

Spurt og svarað

Er ekki hættu á því að félagið þróist út í að verða fyrst og fremst fagfélag eða kjarafélag?

Það er skoðun þeirra sem best þekkja starfsemi félaganna beggja að kjaralegir og faglegir hagsmunir verði ekki aðskildir. Sameinað félag mun sinna báðum málaflokkum betur en félögin gera í dag.

Hvað með eignastöðu félaganna, til dæmis húseign VFÍ?

Bæði félögin hafa trausta fjárhagslega stöðu. Verkfræðingahús verður sem fyrr í eigu verkfræðinga.

Getur stjórn félagsins sem að meirihluta væri skipuð vinnuveitendum haft áhrif á kjarabaráttu félagsmanna?

Nei. Sjálfstæði kjarabaráttunnar yrði óskert. Sama gildir um yfirráð yfir sjóðum, sjóðfélagar hefðu áfram full og óskor-

uð yfirráð yfir þeim. Kjarasvið hins nýja félags tekur yfir starfsemi SV (sjá skipurit). Kjararáð mun annast gerð kjarasamninga í umboði félagsins.

Er ekki nóg fyrir verkfræðing sem er launþegi að vera eingöngu í SV?

SV veitir félagsmönnum sínum góða þjónustu en kjarabaráttan fær stórukna vigt við það að faglega starfið bætist við. Eitt sameiginlegt félag verkfræðinga hefur meiri slagkraft og betri aðstöðu til að vinna að hagsmunum félagsmanna sinna á breiðari grundvelli.

Hver yrði staða þeirra sem í dag hafa skylduáild að öðru stéttarfélagi en SV?

Nokkrir hópar, þ.m.t. háskólakennarar, eru í öðru stéttarfélagi en SV og eru í VFÍ. Það er vilji stjórnar að tillit verði tekið til þess við ákvörðun félagsgjalda í sameinuðu félagi.

Hvert verður félagsgjaldið?

Sem fyrr mun aðalfundur ákveða félagsgjaldið. Stjórnir SV og VFÍ hafa samþykkt að leggja fyrir aðalfund 2011 að félagsgjaldið verði kr. 26.400.- á árinu. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að sameining félaganna hefur ekki áhrif á þessa ákvörðun heldur hitt að félagsgjöldin hafa engan veginn haldið í við almennar verðlags- hækkanir enda var það stefna stjórnar að

fara varlega í hækkanir á erfiðum tímum í þjóðfélaginu. Nú er svo komið að lengur verður ekki beðið með leiðrétta gjöldin. Rétt að er minna á að félagsgjaldið í sameinuðu félagi verður umtalsvert lægra en gengur og gerist í sambærilegum félögum.

Hvað með samstarfið við tæknifræðing?

Sameiginleg skrifstofa félaga verkfræðinga og tæknifræðinga; VFÍ, SV og TFÍ, tók til starfa í ársbyrjun 2008 að Engjateigi 9. Sameining félaga verkfræðinga hefur engin áhrif á rekstrarsamning félaganna við tæknifræðinga um sameiginlega skrifstofu.

Félagsmenn eru eindregið hvattir til

að kynna sér stofnsamning og lög sameinaðs félags. Stofnsamningurinn verður sendur félagsmönnum í pósti en löggin birt á vefsíðum félaganna. Þeir sem vilja fá löggin send í pósti eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við skrifstofuna

í síma: 535 9300 einnig má senda tölvupóst: skrifstofa@verктаekni.is.

Frestur til að skila athugasemdum er til 15. mars

100 ára afmæli HÍ Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Dagskráin í apríl. – Takið frá tíma!

- 2. apríl** Vísindasýning unga fólksins, kl. 13-16 í VR-I og VR-III.
- 4. apríl** Öndvegisyfirlesari sviðsins, David Suzuki, kl. 17 í Stóra sal Háskólabíós.
- 7. apríl** Sprota- og nýsköpunardagur Verkfræði- og náttúruvísindasviðs kl. 16-19 á Háskólatorgi.
- 9. apríl** Skoðunarferðir um heim líf- og umhverfisvísinda og jarðfræði, tímasetning: *Sjá vefsíðu.*
- 10. apríl** Hjólaferð og sigling, lagt verður af stað frá Öskju, tímasetning: *Sjá vefsíðu.*
- 11. apríl** Vistvæn ferðamennska og fyrirlestrar um Vatnsmýrinna, tímasetning: *Sjá vefsíðu.*
- 12. apríl** Opið hús í umsjón framhaldsnema, sjávardýrasýning, tímasetning: *Sjá vefsíðu.*
- 13. apríl** Lífríki Íslands, Líf í sjó, þróun lífs, spendýr, fuglar, fiskar, plöntur o.fl. frá kl. 17 í Öskju.
- 14. apríl** Eins árs gosafmæli Eyjafjallajökuls, dagskrá frá kl. 17 í Öskju.
- 15. apríl** Fyrirlestur um ferðamál og ráðstefna Jarðfræðifélags Íslands í Öskju.
- 18. apríl** Verkfræði- og tölvunarfræðidagur unga fólksins, kl. 14-17 í VR-II og VR-III.
- 19. apríl** Orkutengd smá-ráðstefna í samvinnu við GEORG: Jarðhiti í brennidepli, kl. 13-17 VR-II.
- 27. apríl** Ráðstefna verkfræðideilda HÍ og VFÍ, tímasetning: *Sjá vefsíðu.*

Nánar um viðburði á vefsíðunni von.hi.is/afmaeli

Eru væntar lífeyrisgreiðslur yngri félaga raunhæfar?

Ávöxtunarkrafa löggjafans er svohljóðandi skv. 4. gr. laga nr. 129 frá 1997: Lágmarkstryggingavernd sem lífeyrissjóður veitir miðað við 40 ára inn-greiðslutíma iðgjalds skal fela í sér 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af í mánaðarlegan ellilífeyri ævilangt frá þeim tíma sem taka hans hefst. Þetta þýðir í raun 3,5% ávöxtunarkröfu. Við það hljóta arðsemisútreikningar á inneign lífeyrissjóðsfélaga að vera miðaðar. En eru slíkir útreikningar raunhæfir?

Ávöxtun lífeyrissjóða byggist meðal annars á þeirri verðmætaaukningu, sem verður í fjárfestingarumhverfi þeirra eða á svokölluðum hagvexti. Hagvöxtur á Íslandi á árunum 1990-2005 var 3,1%, skv. Hagtíðindum 13. september 2006. Hagvöxtur árið 2006 var 4,4%, árið 2007 6,0%, árið 2008 1% og árið 2009 -6,8%. Að meðaltali var hagvöxtur 2006-2009 um 1,03%. Ég held, að engum geti blandast hugur um, að töluvert vantar á 3,5% mögulega ávöxtun árunum 1990-2009 nema með því að taka áhættu. Hagvöxturinn á þessum 20 árum 1990-2009 er um 2,7% að meðaltali.

Þá er komið að kjarna málsins

Séreignasparnaður er gjarnan ávaxtaður í þremur flokkum. Sá áhættusamasti er fyrir yngri félögum, næsti fyrir félögum upp að 55 ára aldri og sá öruggasti fyrir enn eldri félögum. Auðvitað er félagsmönnum heimilt að vera í þeim flokki, sem þá lystir, en þetta er viðmiðunin.



Í samtryggingarsjóðum Lífeyrissjóðs verkfræðinga hefur fjárfestingarstefnan ekkert mið tekið af hagsmunum eldri félaganna, heldur fyrst og fremst miðast við áhættusama fjárfestingarstefnu eins og hefur komið í ljós. Þorbergur Leifsson gerði ýtarlega greinargerð um það efni á síðasta ári (2010).

Allir félagar í lífeyrissjóðnum hafa fengið yfirlit, þar sem reiknað er út, hve mikið þeir muni fá í lífeyri, þegar þeir hafa aldur til þess. Eins og vænta má eru væntar lífeyrisútgreiðslur yngstu félaganna hæstar, því að enn hefur þeirra hlutur ekki náð að rýrna í verðbólgu eins og geislaði hér á 8. og 9. áratugnum. Vonandi verða engin frekari áföll enda hafði bankahrunið afdrifaríkar afleiðingar fyrir lífeyrissjóðinn.

En er ekki eitthvað að hérna? Við getum ekki haldið áfram að reikna með 3,5% ávöxtun, sem ekki er innistæða fyrir. Virðist þetta ekki vera of gott til að vera satt? Það, sem virðist vera of gott til að vera satt, er venjulega of gott til að vera satt. Sjóðurinn mun ekki ná þessari ávöxtun að jafnaði. Það er alveg eins gott að horfast í augu við staðreyndir strax og fara að vinda ofan af þessum tilbúnu væntingum.

Varfærin fjárfestingarstefna er það, sem lífeyrissjóðir eiga að ástunda, því að þeir fara með ævisparnað félaga sinna. Með því fara saman hagsmunir allra lífeyrissjóðsfélaga, jafnt yngri sem eldri.

Kynningarfundur lífeyrissjóðsins

Það er mikið fagnaðarefni, að nú skuli óháður aðili (Deloitte&Touche) hafa farið yfir það sem gerðist í stjórnun lífeyrissjóðsins síðastliðin ár. Haldinn var kynningarfundur fyrir sjóðfélaga 14. febrúar síðast-

liðinn. Sennilega hafa verið um 40 manns mættir, en þar munar miklu frá því í haust, þegar 300 sjóðfélagar mættu.

Ekki var dregin fjöður yfir það, að Lífeyrissjóður Verkfræðinga hefur staðið sig verst lífeyrissjóða síðan hrunið varð og mjög illa síðastliðin tíu ár. Formaður stjórnar, Bjarki A. Brynjarsson varð fyrir svörum eftir skýrslu D&T og reyndi eftir mætti að róa umræður og lagði til að farið væri að hugsa til framtíðar. Stjórninni var ítrekað bent á, að læra þyrfti af því sem gerðist. Undirritaður lagði til, að lærdómurinn yrði skrifaður á blað og hafður til hliðsjónar.

Ég ítreka þá ósk mína hér, að skrifuð verði á blað helztu atriði, sem stjórn lífeyrissjóðsins hefur dregið lærdóm af, svo sem 5-10 atriði. Ég vil aðstoða við að koma umræðunni af stað með nokkrum hugmyndum: 1) Þegar leitað er til fjármálaráðgjafa eða hvers kyns ráðgjafa, á alltaf að spyrja sig, hver borgar launin hans. 2) Þegar verðbréf eru keypt og seld, hefur það í för með sér kostnað og ætti að gera eins sjaldan og mögulegt er. 3) Hvað er langtímafjárfesting? Margir svara allt frá örfáum mánuðum til örfára ára. Ég tel, að langtímafjárfesting sé til 10 ára og lengur, dæmi: Íslensk erfðagreining. 4) Fylgja skal fjárfestingarstefnunni, sem er ekkert annað en áætlun og áætlun á ekki að breyta nema að vandlega athuguðu máli. 5) Hafa þarf áhrif á löggjafann til að leiðrétta ranghugmyndir um mögulega ávöxtun. 6) Eins og Auður Finnbogadóttir framkvæmdastjóri kom inn á er það stöðug vinna að fylgjast með fjárfestingum sjóðsins og þarf að vera skipulegt ferli. Hvaða ferli er notað núna?

Að lokum

Ég óska nýrri stjórn lífeyrissjóðsins vel-farnaðar og góðs gengis. Mér lízt vel á formanninn og ekki síður á nýja framkvæmdastjórnann og vænti mikils af störfum þeirra.

Egill Þórðarson, verkfræðingur.

MAKING MODERN LIVING POSSIBLE



VLT® Aqua Drive hraðastýring fyrir dælur Sparar orku - sparar peninga

Danfoss VLT® AQUA Drive hraðastýringin setur ný viðmið varðandi notendaviðmót, orkusparnað, snjalla virkni og lágan rekstrarkostnað

- Þrepastýring dælukerfa
- Stöðvar sjálfkrafa dælu ef engin notkun er
- Þurrkeyrsluvörn fyrir dælur
- Tryggir mikilvæga vatnsdreifingu

Danfoss

www.danfoss.com/drives

Danfoss hf. • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími: 510 4100 • vefang: www.danfoss.is



MEISTARANÁM Í LÖGFRÆÐI

VIÐ LAGAÐEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

- Rannsóknartengt 2ja ára meistaranám til ML-gráðu.
- Námið hentar ekki aðeins þeim einstaklingum sem lokið hafa grunnnámi í lögfræði heldur einnig þeim sem hafa háskólapróf í öðrum greinum.
- Nemendur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaranáminu.
- Markmið námsins er að þjálfa og hvetja nemendur til greinandi og gagnrýnnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða.
- Einstaklingsbundin námsáætlun.
- Helstu einkenni námsins eru mikið val um áherslur og námsleiðir og margvíslegir möguleikar á sérhæfingu innan lögfræði og samþættingu við aðrar greinar.
- Gefinn er kostur á að ljúka meistaranámi á alþjóðasviði.

Umsóknarfrestur um inngöngu í meistaranámið haustið 2011 er til og með 30. apríl.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um meistaranámið í kennsluskrá á vef lagadeildar Háskólans í Reykjavík: www.lagadeild.is

YFIRLIT YFIR KJÖRGREINAR OG MÁLSTOFUR 2011–2013

HAUSTÖNN 2011

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR	KENningarAR
Advanced Legal English	Erlendína Kristjánsson
Afbrotufræði	Svala Ólafsdóttir
Alþjóðleg lausafjárkaup	Pórður S. Gunnarsson
Alþjóðlegur skattaréttur II	Gunnar Gunnarsson
Evrópuréttur II: Internal market	Gunnar Þór Pétursson
Fjarskiptaréttur	Sigurjón Ingvason og Jóhanna H. Halldórsdóttir
Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon og María Ellingsen
Lagakeningar	Davíð Þór Björgvinsson o.fl.
Lagasetning	Páll Þórhallsson
Mannréttinasáttmáli Evrópu	Oddný Mjöll Arnardóttir
Málstofa í hjúskapar- og sambúðarrétti	NN
Málstofa um alþjóðlega mannréttinda-vernd - jafnrétti og bann við mismunum	Oddný Mjöll Arnardóttir
Málstofa: Auðlindir og stjórnsýsla- frá hugmynd til framkvæmdar	Elín Smáradóttir, Kristín Haraldsdóttir o.fl.
Neytendamarkaðsréttur	Gísli Tryggvason
Sjó- og flutningaréttur	Einar Baldvín Axelsson
Stjórnhættir hlutafélaga	Jóhannes R. Jóhannsson
The Law of the Sea and Iceland's Fishing Limits Disputes	Guðni Th. Jóhannesson og Ruth Mackenzie
Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot I (fyrri hluti)	Garðar Viðir Gunnarsson
ML-ritgerð	Ýmsir

HAUSTÖNN 2012

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR	KENningarAR
Advanced Legal English	Erlendína Kristjánsson
Afbrotufræði	Svala Ólafsdóttir
Alþjóðaviðskipti	Pórdís Ingadóttir og James H. Mathis
Barnaréttur (Barnalög og barnaverndarlög)	Davíð Þór Björgvinsson
Evrópuréttur II: Internal market	Gunnar Þór Pétursson
Evrópuréttur IV/State Aid	Peter Chr. Dyrberg
Evrópskur félagaréttur	Hallgrímur Ásgeirsson
Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon og María Ellingsen
Hlutverk verjenda í opinberum málum	Björn L. Bergsson og Guðrún S. Arnardóttir
Málstofa í almannatryggingarétti	Ragnhildur Helgadóttir
Málstofa í bótarétti	Guðmundur Sigurðsson
Málstofa í fjölmiðlarétti	Páll Þórhallsson
Réttlætiskeningar	Stefán Einar Stefánsson
Stjórnhættir hlutafélaga	Jóhannes R. Jóhannsson
Skuldaskilaréttur	Steinunn H. Guðbjartsdóttir og Valgerður Dis Valdimarsdóttir
Mannréttinasáttmáli Evrópu	Oddný Mjöll Arnardóttir
Málstofa um alþjóðlega mannréttindavernd	Oddný Mjöll Arnardóttir
Stjórnsýsluréttur II	Margrét Vala Kristjánsdóttir
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition I (fyrri hluti)	Pórdís Ingadóttir
Umhverfisréttur	Kristín Linda Árnadóttir o.fl.
ML-ritgerð	Ýmsir

VORÖNN 2012

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR	KENningarAR
Alþjóðlegur einkamálaréttur, lagaskil á sviði samningaréttur	Herdís Hallmarsdóttir o.fl.
Alþjóðlegur refsiréttur	Pórdís Ingadóttir
Auðgunar- og efnahagsbrot	Sigurður Tómas Magnússon og Björn Þorvaldsson
Auðlindaréttur	Kristín Haraldsdóttir
EU Constitutional Law	Gunnar Þór Pétursson
Evrópuréttur á sviði fjármálaþjónustu	Hallgrímur Ásgeirsson
Hagnýtur samningaréttur	Pórður S. Gunnarsson og Aðalsteinn Leifsson
Heilbrigðisréttur	Dögg Pálsdóttir
Hlutverk verjenda í opinberum málum	Björn L. Bergsson og Guðrún S. Arnardóttir
International and European Energy Law - íslenskur orkuréttur	Dirk Buschle og Kristín Haraldsdóttir
Kaup á fyrirtækjum/samruni - áreiðanleikakannanir	Ólafur F. Haraldsson, Garðar G. Gíslason og Kristín Edwald
Málstofa I í stjórnsýslurétti	Margrét Vala Kristjánsdóttir o.fl.
Málstofa í stjórnskipunarrétti og stjórnskipunarsögu	Ragnhildur Helgadóttir og Guðni Th. Jóhannesson
Málstofa um evrópskan samningarétt	Matthías G. Pálsson
Réttarsaga	Ragnhildur Helgadóttir og Guðni Th. Jóhannesson
Réttarsálfræði	Jón F. Sigurðsson og Gísli H. Guðjónsson
Skuldaskilaréttur	Steinunn H. Guðbjartsdóttir og Valgerður Dis Valdimarsdóttir
Starfsemi fjármálaþjónustufyrirtækja	Aðalsteinn E. Jónsson
Starfsemi lífeyrissjóða, verðbréfa- og fagfjárfestisjóða	Tómas N. Möller
Verktaka- og útboðsréttur	Erlendur Gíslason og Othar Örn Petersen
Vörumerkjaréttur	Ásdís Magnúsdóttir
Willem C. Vis Int. Commercial Arbitration Moot II (síðari hluti)	Garðar Viðir Gunnarsson
ML-ritgerð	Ýmsir

VORÖNN 2013

KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR	KENningarAR
Alþjóðadómstólar og friðsamlegar úrlausnir deilumála	Pórdís Ingadóttir og Ruth Mackenzie
Alþjóðlegir og innlendir fjármögnunarsamningar	Guðmundur Ingvi Sigurðsson
Alþjóðlegur skattaréttur I	Gunnar Gunnarsson
Auðgunar- og efnahagsbrot	Sigurður Tómas Magnússon og Björn Þorvaldsson
Bandarísk réttarsaga, réttarkerfi og lög	Steinn Jóhannesson og Drew Prisner
Comparative law	Milosz Hodun
Evrópskur fjölmiðlaréttur	Páll Þórhallsson
Evrópskur lyfjaréttur	Gunnar Þór Pétursson
Evrópskur verðbréfamarkaðsréttur	Hallgrímur Ásgeirsson
Hagnýtt réttarheimspeki	Davíð Þór Björgvinsson
Hagnýtur samningaréttur	Pórður S. Gunnarsson og Aðalsteinn Leifsson
International and European Energy Law - íslenskur orkuréttur	Dirk Buschle og Kristín Haraldsdóttir
Málstofa um evrópskan samningarétt	Matthías G. Pálsson
Málstofa um hugverkasamninga	Hafliði Kr. Lárusson
Ofbeldis- og fíkniefnabrot	Svala Ólafsdóttir
The Philip C. Jessup Intern. Law Moot Court Competition II (síðari hluti)	Pórdís Ingadóttir
Vátryggingaréttur	Þóra Hallgrímsdóttir
ML-ritgerð	Ýmsir

Keppa á Silverstone á rafmagnsbíl

Næsta sumar munu íslenskir verkfræðinemar keppa í fyrsta sinn í Formula Student sem fram fer á Silverstone kappakstursbrautinni frægu. Þar munu þau etja kappi við nemendur frá virtustu háskólum heims. Verkefnið, sem gengur út á að hanna og smíða eins sæta rafmagns kappakstursbíl, hófst formlega haustið 2010 og er metið til eininga innan verkfræðideildar Háskóla Íslands.


Í hópnum eru 30 manns, flestir úr hinum ýmsu greinum verkfræðinnar en einnig eru nokkrir í hópnum úr viðskiptafræði og hagfræði sem aðstoða við fjármögnun. Verkefnið er tvískipt. Annars vegar hönnun og smíði á bílnum. Hins vegar verkefnastjórnun og rekstur á tæknihönnun og framleiðslu. Gert er ráð fyrir að verkefnið haldi áfram innan verkfræðideildarinnar þannig að nýr hópur tekur við ár hvert og hannar og smíðar eigin bíl.

Megin tilgangur verkefnisins er að verkfræðinemar öðlist reynslu í að fást við verkfræðileg vandamál. Einnig að búa til grunn fyrir frekari rannsóknir sem tengjast farartækjum og orkugjöfum við Háskóla Íslands. Sem fyrr segir er bíllinn í árfmagnsbíll, en á næstu árum gætu orkugjafar verið aðrir, til dæmis vetni eða metan.

Kostnaður er um tíu milljónir króna og sterk fyrirtæki innlend og erlend leggja hópnum lið enn vantar þó nokkuð upp á að endar nái saman. Þeim sem kunna að hafa áhuga á að fá frekari upplýsingar og leggja verkefninu lið er bent á að senda-póst á: uiracing@gmail.com

Vefsíða íslenska hópsins:
www.uiracingteam.com

Vefsíða Formula Student:
www.formulastudent.com



Tölvuteikning af grindinni með fjöðrunarkerfi, mótorum og stýrisbúnaði.



Fulltrúar UI Racing heimsóttu keppnina sumarið 2010. f.v. Arnar Freyr Lárusson, Andrés Gunnarsson, Helgi Þór Ingason, Stuart Maxwell.

Styrkur til bókaútgáfu

Kvennanefnd VFÍ hlaut 500 þúsund króna styrk úr Menningarsjóði Hlaðvarpans til að rita sögu íslenskra kvenna í verkfræði. Nýverið gerði Kvennanefndin samning við Margréti Guðmundsdóttur sagnfræðing um ritun bókarinnar. Talið er tímabært að huga að varðveislu heimilda um þær konur sem urðu fyrstar til að leggja fagið fyrir sig. Lítið er til af rituðum heimildum um frumkvöðlana í hópi þeirra og mikilvægt að afla upplýsinga hjá þeim konum sem ruddu brautina og enn eru á lífi. Verkefnið hefur fengið vinnuheitið: Þær brutu blað - konur í verkfræði.

LOFT ORKA
BORGARNESI EHF
Engjaási 2 | 310 Borgarnesi
Sími 433 9000 | loftorka@loftorka.is

Almenna
verkfræðistofan
FRÁ MÓTUN
AÐ MANNVIRKI
av@almenna.is - www.almenna.is

Autodesk
CAD ehf
Skúlagata 10 - 101 Reykjavík
S: 552 3990 - www.cad.is - cad@cad.is

Danfoss
Danfoss hf.
SKÚTUVOGI 6 SÍMI 510 4100
www.danfoss.is

VSB
VERKFRÆÐISTOFA
BÆJARHRAUNI 20 · 220 HAFNARFJÖRÐUR

EFLA
VERKFRÆÐISTOFA
Höfðabakka 9 - 110 Reykjavík
sími: 412 6000 - fax: 412 6001 - www.efla.is - efla@efla.is

Glófaxi ehf
Iðnaðar- og eldvarnarhurðir
Ármúla 42, 108 Rvk.
S: 553 4236 - www.glofaxi.is

H5
HITASTÝRING hf.
Ármúla 16 - 108 Reykjavík
Sími: 552 2222 - Fax: 562 4966
hitastyring@hitastyring.is

Eldofninn
Hádegis tilbúð 1400kr.
Pizza 12" (tvö álegg) og kók í dós
Bústaðavegi • sími 533 1313 • eldofninn.is

HNIT
VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • S: 570 0500 • www.hnit.is

Un
Verkfræðistofa
Norðurlands ehf

ÍSLEIFUR JÓNSSON
Dragháls 14 - 16 · 110 Reykjavík
Sími, 4 12 12 00 · www.isleifur.is

50th 1960-2010
Verkfræðistofa Jónhans Indriássonar ehf.
Söðmúli 1 • 108 Reykjavík • Sími 560 5400 • Fax 560 5410 • www.vji.is

ÍSLOFT
BLIKK OG STÁLSMÍÐJA EHF.
Bildshöfða 12, 110 Reykjavík
sími 587 6666 - fax 567 3624
www.isloft.is - isloft@isloft.is

ÍSMAR
Við mælum með því besta

ÍSTAK

BLIKKÁS-FUNI
Smíðjuvegi 74 - 200 Kópavogur
Sími 515 8701 - www.funni.is - funni@funni.is

LAGNATÆKNI
Hönnunar- og ráðgjafarstofa / FRV
Hamraborg 12, 200 Kópavogur, Ísland
sími+354 564 5252 fax+354 564 5251
lt@lagnataekni.is www.lagnataekni.is

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA
Grenásvegur 1, 108 Reykjavík
Sími 422 3000 / Fax: 422 3001
mannvit@mannvit.is / www.mannvit.is

STJÓRN- OG EFTIRLITSKERFI
LOFTRÆSISAMSTÆÐUR - LOFTRÆSIBÚNAÐUR
varmi
www.varmi.is
Sími: 551 7560 • FAX: 562 4110 • varmi@varmi.is

KJARAN
Gólfefni og skrifstofutæk.
SÍÐUMÚLA 12-14 - Sími: 510-5500

RAFSTJÓRN ehf.
Virki loftræstikerfa er okkar fag!
Stangarhyl 1A • 110 Reykjavík • Ísland
www.rafstjorn.is

egla Bréfabindi www.mulalundur.is
MÚLALUNDUR
S: 5628500
Fluttur að Reykjalundi Mosfellsbæ

VSÓ RÁÐGJÖF
Borgartúni 20, 105 Reykjavík
sími: 585 9000, fax: 585 9010
netfang: vso@vso.is
heimasíða: www.vso.is

PENNINN

tpz
teiknistofa
Kirkjuvegi 23 • 900 Vestmannaeyjum
Sími 481-2711 • www.teiknistofa.is

568 5000
NS
SANDVÍKILÍFSTOFA

GA 40
SMÍÐAJÁRN ÁRA
Skútuvoði 4 • 104 Reykjavík og Raudhelli 2 • 221 Hafnarfjörður
Sími: 568 6844 • www.ga.is ga@ga.is

VERKFRÆÐISTOFA AUSTURLANDS

Pekkingarfyrtækni í málmiðnaði- og véltækni
HÉÐINN
Sími 569-2100 - hedinn.is

BM-VALLÁ

pp & CO
Þ. ÞORGRÍMSSON & CO
Ármúla 29 - 108 Reykjavík 5538640 - www.thco.is

VERKÍS
Ármúla 4 | 108 Reykjavík
Sími: 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
www.nmi.is

STOÐ EHF.
VERKFRÆÐISTOFA
Aðalgötu 21 · 550 Sauárkróki
Sími 453 5050 Fax 453 6021
stod@simnet.is

SNERTILL
Autodesk Silver Partner
Architecture, Engineering & Construction Media & Entertainment
s:554 0570 • Hlíðasmára 14 • 201 Kópavogur
www.snertill.is • snertill@snertill.is

KONE

„Hjarta byggingarinnar“

KONE ehf. á Íslandi hefur á undanförunum 13 árum selt lyftur og rennistiga frá **KONE**. Fyrirtækið hefur verið í mikilli sókn á byggingamarkaðinum og er ekkert lát þar á.

KONE ehf. á Íslandi er nú orðið stærsta fyrirtæki landsins í sölu á lyftum.

KONE ehf. á Íslandi er hluti af Norðurlandadeild **KONE**.

Samstarfsfyrirtæki **KONE ehf.** á íslenskum byggingarmarkaði um þessar mundir eru m.a.:

ÍAV hf.

ÍSTAK hf.

JÁ VERKTAKAR hf.

SS - BYGGIR ehf



Hönnun: Guðjón Smári, s. 898 4337.

KONE

KONE ehf.

Síðumúla 17 - 108 Reykjavík

Sími 588 1260 - Fax 588 1214 - www.kone.is

24 tíma lyftuþjónusta sími 588 1213

Brautryðjandi í mannvirkjagerð á Íslandi

ÍSTAK hefur frá árinu 1970 verið í fremstu röð á sviði framkvæmda í tengslum við orkufrekan iðnað. Á vegum ÍSTAKS hafa á undanföllum árum starfað um 300 manns í verkefnum tengdum stóriðju. Dýrmæt verkþekking og vinnuframlag starfsmanna ÍSTAKS myndi nýtast til frekari verkefna á þessu sviði og legði grunn að áframhaldandi hagsæld komandi kynslóða.



Stækkun dívers Norðurals á Grundartanga

BIM á Íslandi

lid-group.com

Íslensk aðlögun

Autodesk®
Revit®

Architecture

Hönnun án málamíðlunar



Norðurlandaaðlögun

Autodesk®
Revit®

Structure

Máttur BIM fyrir burðarvirkishönnuði




Norðurlandaaðlögun

Autodesk®
Revit®

MEP

Hönnun til betri frammistöðu



AutoCAD fylgir með kaupum á **Revit Architecture Suite**, **Revit Structure Suite** og **Revit MEP Suite**.
Mjög hagstæð rekstrareining á Revit og AutoCAD í samtímanotkun.

Autodesk®

Silver Partner

Architecture, Engineering & Construction

Media & Entertainment



SNERTILL®